

Siðanefnd Blaðamannafélags Íslands

Mál nr. 7 2016/2017

Kærandi: Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. fyrir hönd Guðmundar Spartakus Ómarssonar.

Kærði: Atli Már Gylfason, Stundinni.

Kæruefni: Ummæli á Twitter.

Málsmeðferð

Kæran var send af lögmanni kæranda og er dagsett 27. febrúar 2017. Kæran var tekin fyrir á siðanefndarfundi 3. maí 2017.

Málavextir

Kærandi heldur því fram að ummæli sem kærði sendi kæranda á Twitter þann 10. febrúar 2017, þar sem segir: „...*hvernig væri nú að hjálpa til við að upplýsa mannshvarf í stað þess að standa í lögsóknum eins og aumingi?*“ feli í sér brot á siðareglum, 1., 3. og 4. gr. Í kæru segir að kærði hafi farið mikinn í umfjöllun um kæranda í fréttáflutningi og viðhaft þar ummæli og kærði muni „þurfa að svara fyrir þá umfjöllun fyrir dómstólum“.

Umfjöllun.

Vilhjálmur Hans lögmaður kæranda segir í kærinni:

*„Atli Már hefur farið mikinn í umfjöllun sinni um umbj. minn í fjölmiðlum á undanförunum vikum þar sem hann hefur sakað umbj. minn um mannrán, fíkniefnasmygl ásamt því að ýja að því að honum stafaði hætta af umbj. mínum. **Atli Már mun þurfa að svara fyrir þá umfjöllun fyrir dómstólum.***

Kæran eins og hún liggur fyrir siðanefnd er því afmörkuð við hvort að það samrýmist siðareglum Blaðamannafélags Íslands að blaðamaður kalli mann sem hann hefur verið að fjalla sem blaðamaður aumingia á netinu. Að mati krærandar er augljóst að svo er ekki“.

Í 16. gr. vinnureglna siðanefndar BÍ segir: „Sé óafgreiddu kærumáli fyrir siðanefnd skotið til dómstóls, vísar nefndin málinu samstundis frá, á hvaða stigi sem málið kann að vera innan siðanefndar“.

Með vísan til ofangreindra ummæla lögmanns kæranda í kæru er ljóst að efni kærunnar er liður í málaferlum, sem skotið hefur verið til dómstóla. Siðanefnd úrskurðar að lögmaðurinn og skjólstæðingur hans standi nú í slíkum málaferlum fyrir dómstólum gegn hinum kærða blaðamanni, fjölmiðli hans og öðrum fjölmiðlum, að þau, vegna eðlis og umfangs, verði ekki skilin frá innsendri kæru til siðanefndar. Burt séð frá því hvort hin kærðu ummæli séu hluti af téðum dómsmálum eða ekki eru tengslin þarna á milli slík að það væri gegn anda 16. gr. vinnureglna siðanefndar að taka málið til efnislegrar umfjöllunar. Siðanefnd telur hafið yfir vafa að ofangreindri vinnureglu hafi verið komið á til að koma í veg fyrir að kærundur væru samtímis að sækja að blaðamönnum/fjölmiðlum fyrir dómstólum og fyrir siðanefnd BÍ. Siðanefnd telur að svo hátti til hér og beri því þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá.


Aukin heldur beinist kæran að ummælum einstaklings á Twitter, sem siðanefnd fær ekki séð að tengist faglegum störfum einstaklingsins sem blaðamaður – þau eru ekki hluti af

ritstjórnarstörfum hans heldur tjáning einstaklings á samskiptamiðli. Um Twitter hlýtur hið sama að gilda og Facebook; þar sem einstaklingar nýta sér tjáningarfrelsi sitt og færsla tengist ekki ritstjórnarstörfum þá eru slík ummæli ekki innan lögsögu síðanefndar BÍ. Öðruvísi myndi háttá til ef viðkomandi Facebook-síða eða Twitter-reikningur væru sérstaklega beintengd við fjölmiðil og ummæli á slíkum vettvangi þá beintengd ritstjórnarstörfum.


Úrskurður:

Máli nr. 7/2016-2017 er vísað frá.


Reykjavík, 3. maí 2017,




Björn V. Sigurpálsson




Hjörtur Gíslason



Friðrik Þór Guðmundsson



Asgeir Þór Arnason



Jóhannes Tómasson